

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 14. september 2020
UST202002-013/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5.6.2020, hjá Arctic Sea Farm Dýrafirði

Þann 5. júní sl. fór fram eftirlit í Arctic Sea Farm, Dýrafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fráviki frá gr. 5.1 sem skráð var 2018 er lokað þar sem eftirlitsaðili samþykkir þá vöktunaráætlun sem send hefur verið inn og verður hún uppfærð á síðu stofnunarinnar.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Skv. starfsleyfi er hámarksílmassi á hverjum tíma 4000 tonn. Lífmassi fór yfir 4000 tonn í Eyrarhlíð í nóvember 2019 og var yfir 4000 tonnum í þrjár vikur.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Rekstraraðili hefur ekki heimild til notkunar eldisnóta sem eru litaðar með efnum sem innihalda koparoxíð. Kvíar með lituðum nótum hafa verið í notkun á eldisstaðnum við Haukadalsbót síðan seiði voru sett út í maí sl.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Hámarkslosun fosfórs er skv. starfsleyfi 10 kg/tonn. Losun ársins 2019 var umfram þau mörk.
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun en ekki voru tekin sjósýni til mælinga í þeim sýnatökum sem hafa verið gerðar á árinu 2020.

Í tölvupósti 13. júlí sl. mótmælti eftirlitsþegi framangreindu fráviki frá gr. 1.2 vegna hámarksílmassa, og vísaði í bréf frá Arctic Sea Farm og Vaka Fiskeldiskerfum sem send voru Umhverfisstofnun 7. júlí sl., en höfðu áður verið sent Matvælastofnun í mars sl. vegna samsvarandi fráviks frá rekstraraleyfi. Skv. gögnum rekstraraðila úr Fishtalk var lífmassi í kvíum í vikum 46-48 ársins 2019 yfir 4000 tonnum. Rök eftirlitsþega eru þau að eins og fram komi í bréfi Vaka Fiskeldiskerfa séu 5 % vikmörk á mælingum á lífmassa með Biomass Daily kerfinu og af því leiði að mælingarnar séu ekki svo ábyggilegar að þær verði notaðar sem sönnunargagn. Lífmassi sem mældur hafi verið í vikum 46-48 hafi verið innan við 2% frá 4000 tonna hámarkinu og því innan skekkjumarka mælikerfisins. Auk þess hafi slátrun hafi verið í gangi á þessum vikum þar sem slátrun upp úr einhverjum

kvíum hefði seinkað vegna veðurs og lífmassinn hafi því farið nokkrum sinnum yfir hámark inn á milli slátrana en lífmassinn hafi minnkað niður fyrir hámark inn á milli toppa.

Umhverfisstofnun bendir á að skyldi hún taka tillit til vikmarka þyrfti að lækka leyfilegan lífmassa í starfsleyfum m.t.t. þeirra marka, svo að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru af Hafrannsóknarstofnun, en starfsleyfi í sjókvíaaeldi eru gefin út m.t.t. burðarþols- og áhættumats Hafrannsóknarstofnunar. Því er ekki tekið tillit til áðurnefndrar mögulegrar skekkju í mælingum á meðalþyngd fiska í kví. Hvað varðar það að seinkun hafi orðið á slátrun vegna veðurs, tekur stofnunin fram að veður á íslenskum vetrum eru ólíkindatól og rekstraraðili þarf að gera ráð fyrir slíkum mögulegum seinkunum í sínum áætlunum til að halda lífmassa innan leyfilegra marka. Stofnunin bendir einnig á að ekki var fallist á rök rekstraraðila varðandi frávik sama efnis frá rekstrarleyfi.

Stofnunin telur því að krafan um að mældur lífmassi sé ávallt undir 4000 tonnum sé í samræmi við ákvæði starfsleyfis og sé rökstudd. Ákvörðun þessi var tekin í samræmi við lögmætisreglu stjórnsýsluréttar, í ákvörðuninni sé tekið mið af bæði meðalhófsreglunni og rannsóknarskyldu Umhverfisstofnunar í samræmi við stjórnsýslulögin nr. 37/1993. Frávikið stendur því óbreytt í lokaskýrslu og rekstraraðila er bent á að úrbætur skuli miða að því ekki sé farið yfir hámarks lífmassa starfsleyfis á neinum tíma.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **5.10.2020**.

Virðingarfyllst



Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Eftirlit með fiskeldisstöð**Kvíældi****Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

| | | | |
|--------------------------|--------------------------|----------------------|--------------------------------------|
| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
| Arctic Sea Farm hf | 05.06.20 | Dýrafjörður | 2 |
| Kennitala rekstraraðila: | Gildistími starfsleyfis: | Kvittun afhend: | Gerð stöðvar: |
| 700807-0450 | 22.11.33 | Já | 4000 tonn af laxi/regnbogasilungi |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | | X | | Samtals rúnum 3300 tonnum af laxi slátrað á árinu 2019. Standandi lífmassi var innan við 4000 tonn 31. desember 2019 og þegar eftirlit fór fram. Hinsvegar fór lífmassi í Eyrarhlíð yfir leyfilegt hámark, 4000 tonn á hverjum tíma, í nóvember 2019 áður en slátrun hófst. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | | X | | Settar voru út koparlitaðar nætur í Haukadalsbót þó ekki væri heimild til þess í leyfi. Búið er að sækja um breytingu á starfsleyfi m.t.t. þessa. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | X | | | Í lagi. Skráningar eru í Fishtalk og gæðakerfi. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | X | | | Ársskýrslu var skilað 21.4.20 og sem hluta af grænu bókhaldi. Fóðurnýtingu vantaði í ársyfirlitið en upplýsingar um hana voru veittar í eftirlitinu. |
| Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | X | | | GB skilað 30.4.20 og útstremmisbókhaldi 21.4.20. |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og | X | | | Í lagi. Er í gæðahandbók og aðgengilegt starfsmönnum á fóðurprömmum og vinnubátum. |

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

| | | | | |
|---|---|--|--|---------------------------|
| ótímbundinnar rekstrarstöðvunar) | | | | |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | X | | | Var seinast haldinn 2019. |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X | | | Í lagi. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | X | | | Í lagi. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | X | | | <p>Umhverfismarkmið eru til staðar, sameiginleg fyrir allar stöðvar ASF. Eftirlitsaðili óskar eftir að tekið verði til skoðunar að setja frekari mælanleg markmið.</p> <p>Fjarúttekt fór fram í júní, þar sem eldissvæðin í Dýrafirði eru tekin út vegna ASC vottunar. Gemlufall og Eyrarhlíð hafa fengið vottun áður en verið er að taka Haukadalsbót út í fyrsta skipti.</p> |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki? | X | | | <p>Sjálfvirk fóðrun er í Eyrarhlíð þar sem fóðri er blásið af fóðurpramma. Enn sem komið er er blásið af vinnubátum í kvíar í Haukadalsbót, en fóðurprammi í Eyrarhlíð verður færður þangað í haust þegar slátrun líkur í Eyrarhlíð.</p> <p>Nýr prammi kemur svo á Gemlufall í haust eftir að sett verður út þar.</p> |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | | X | | <p>Reiknað skv. fóðurnotkun. Losunarmörk eru 10 kg/tonn af framleiddum fiski.</p> <p>Ef miðað er við framleiðslu ársins 2019, sbr. tölur í grænu bókhaldi, er losunin yfir mörkum eða 12,7 kg/tonn.</p> |
| Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? | X | | | Botnsýni eru tekin. Myndavélar við fóðrun og kafarar við athuganir kvíá. Enginn fugl né þörungablómi var sjáanlegur. |

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíaeldi

| | | | | |
|---|---|---|--|---|
| Er mikjöld af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | | |
| Er staðsetning kví skv. starfsleyfi? | X | | | Í lagi. |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | X | | | <p>7 kvíar voru enn með fiski í Eyrarhlíð þegar vettvangsheimsóknin fór fram en klára átti að slátra upp úr einni þeirra á næstu dögum. Rúmir 900 þús fiskar og meðalþyngd um 3,5 kg. 30. júní sl. hafði þeim fækkað í um 800 þúsund og meðalþyngd var um 4,1 kg.</p> <p>10 kvíar voru komnar með fisk í í Haukadalsbót, u.p.b. 1 milljón fiska að meðalþyngd 170 g. 30 júní sl. 30. júní sl. hafði verið sett í tvær kvíar til viðbótar, fjöldinn u.p.b. 1,3 milljon og meðalþyngd um 230 g.</p> |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | X | | | <p>Enn er verið að slátra úr Eyrarhlíð og er áætlað að því ljúki í síðasta lagi í október.</p> <p>Klárað var að setja út í Haukadalsbot í júní og áætlað að byrja að setja út í Gemlufall í júlílok.</p> <p>Slátrun í Haukadalsbót og Gemlufalli er áætluð haust 2021/vor 2022.</p> |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka? | | X | | Ekki hafa verið tekin sjósýni þrátt fyrir að slík sýnataka sé tiltekin í vöktunaráætlun Arctic Sea Farm. |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | <p>Plast undan fóðri fer í land í gám sem er sótt af Terra.</p> <p>Dauðfiskur fer í meltutank um borð í Eyrarhlíð sem er sótt af Hordafor.</p> <p>Í Gemlufalli fór dauðfiskurinn í land og til Klofnings, og afföll frá Haukadalsbót gera það einnig þar til fóðurprammi kemur á eldissvæðið.</p> |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | X | | Ekki hefur verið unnið í samræmi við innsenda vöktunaráætlun. Sjósýni hafa ekki verið tekin en aðrar sýnatökur hafa farið fram í |

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

| | | | | |
|---|---|--|---|---|
| | | | | samræmi vð starfsleyfi og vöktunaráætlun. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | X | | | <p>Öllum skýrslum með niðurstöðum mælinga hefur verið skilað fyrir hvert svæði og hverja sýnatöku fyrir sig.</p> <p>Engar mælingar voru framkvæmdar árið 2019.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar þó eftir því að niðurstöður allra mælinga hvers árs verði teknað saman í vöktunarskýrslu sem er send árlega með ársyfirliti fyrir 1. maí vegna undangengins árs.</p> |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | Á ekki við. |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | X | | | <p>Búið er að taka hvíldarsýnatöku við Gemlufall en niðurstöður lágu ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram. Fyrir fórst að taka sjósýni.</p> <p>Næst er áætlað að taka sýni við hámarks lífmassa við Haukadalsbót.</p> <p>Akva Plan Niva sér um mælingarnar.</p> |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið 2019 en þrjár ábendingar voru gerðar.

| | |
|-------------------|--|
| Samantekt: | <p>Eldi fer fram á tveimur staðsetningum af þremur, Eyrarhlíð og Haukadalsbót. Klára á að slátra upp úr Eyrarhlíð í haust og setja á út í Gemlufall í lok sumars.</p> <p>Fráviki frá gr. 5.1 sem skráð var 2018 er lokað þar sem eftirlitsaðili samþykkir þá vöktunaráætlun sem send hefur verið inn og verður hún uppfærð á síðu stofrunarinnar.</p> <p>Nýtt frávik er þó skráð frá gr. 5.1 í starfsleyfi þar sem ekki hefur verið starfað að fullu í samræmi við téða vöktunaráætlun og ekki voru tekin sjósýni við hámarks lífmassasýnatöku við Eyrarhlíð né í hvíldarsýnatöku við Gemlufall og Haukadalsbót.</p> <p>Frávik er skráð frá gr. 1.2 í starfsleyfi. Hámarks lífmassi á hverjum tíma er 4000 tonn. Í nóvember 2019 fór lífmassi yfir 4000 tonn um nokkurra vikna skeið áður en slátrun hófst úr Eyrarhlíð.</p> <p>Einnig er skráð frávik frá gr. 3.4 í starfsleyfi þar sem notkun koparlitaðra nótnapoka samræmist ekki því starfsleyfisskilyrði að losun annarra efna efna en fosfórs á listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, sé óheimil.</p> |
|-------------------|--|

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

| | |
|---------------|--|
| | Fjórða frávikið sem kom fram snýr að losun fosfórs. Losunarmörk leyfis eru 10 kg/tonn en losun ársins 2019 er umfram það. |
| Annað: | <p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.</p> |

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm Dýrafirði



| | | | |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 5.6.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Fyrirtæki | Arctic Sea Farm | Eftirlitsmaður | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Heimili | Aðalstræti 20 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 700807-0450 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Steinunn G. Einarsdóttir | ÍSAT nr. | 03.21.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Bernharður Guðmundsson | Staðsetning | 65°53,460'N 23°37,710'W |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang, notkun á koparlituðum nótnapokum, losun fosfórs og að ekki hefur verið starfað að fullu í samræmi við vöktunaráætlun. Ein ábending er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í gr. 57 reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var í vettvangsferð og kviastæði við Haukadalsbót og Eyrarhlíð skoðuð. Enginn fiskur var úti við Gemlufall þegar vettvangsheimsóknin fór fram.

Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir seinstu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Útsetningar, slástrun og hvíld svæða
- Skráningar
 - o Innra eftirlit sbr. gr. 4.1
- Áætlanir og tilkynningar
- Trygging v. bráðamengunar
- Gagnaskil sbr. gr. 4.2 og 4.3
- Vöktun
 - o Vöktunarskýrlur og mælingar
 - o Vöktunaráætlun
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Umgengni um mengandi efni
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Aðbúnaður við kvíar og á fóðurprömmum skoðaður

Frávik frá

gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Skv. starfsleyfi er hámarks lífmassi á hverjum tíma 4000 tonn. Lífmassi fór yfir 4000 tonn í Eyrarhlíð í nóvember 2019 og var yfir 4000 tonnum í þrjár vikur.

gr. 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

Rekstraraðili hefur ekki heimild til notkunar eldisnóta sem eru litaðar með efnum sem innihalda koparoxið. Kvíar með lituðum nótum hafa verið í notkun á eldisstaðnum við Haukadalsbót síðan seiði voru sett út í maí sl.

gr. 3.4 í starfsleyfi

Hámarkslosun fosfórs er skv. starfsleyfi 10 kg/tonn. Losun ársins 2019 var umfram þau mörk.

gr. 5.1 í starfsleyfi

Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun en ekki voru tekin sjósýni til mælinga í þeim sýnatökum sem hafa verið gerðar á árinu 2020.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili óskar eftir því að niðurstöður vöktunar hvers árs verði teknar saman í vöktunarskýrslu sem verði send árlega með ársyfirliti fyrir 1. maí vegna undangengins árs.

ANNAD

Í eftirlitinni voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tiðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tiðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinni og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.


Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.

Eftirlitsþegi kom á framfæri þann 13.7 sl. mótmælum vegna fráviks frá gr. 1.2 í starfsleyfi. Afstaða stofnunarinnar til athugasemdanna er sú að frávikið stendur óbreytt. Rökum rekstraraðila er svarað í bréfi sem fylgir skýrslunni.

Reykjavík, 14.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4